

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1207 Arnarlax - Gileyri	Strandgötu 1 465 Bíldudalur	Silja Baldvinsdóttir Gæðastjóri			
Tílefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Eftirfylgniskoðun	20.3.2025	10.4.2025	5	0	0

Skoðuð voru og tekin afstaða til 10 skoðunatriða af 16. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 5 skoðunatriðum, þar af 1 Alvarleg frávik og 4 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstarleyfi>20.tonn)	5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstarleyfi>20.tonn)
	5.1.3 Verklagsreglur (rekstarleyfi>20.tonn)
	5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)
	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir og Nancy Rut Helgadóttir, framkvæmdu eftirfylgni eftirlit á tímabilinu 13. mars til 10. apríl 2025, vegna frávika sem skráð voru í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024. Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti vegna eftirfylgni eftirlitsins. Gögnin bárust og voru yfirfarin á skrifstofu.

Að loknu eftirfylgni eftirliti er ljóst að eftirlitsþegi hefur ekki lagfært eitt alvarlegt frávik og fjögur frávik þrátt fyrir að hafa fengið leiðbeiningar frá Matvælastofnun á meðan eftirfylgni eftirliti stóð og/eða ekki sent uppfærð skjöl eins og óskað var eftir.

Í ljósi þess að fullnægjandi úrbætur hafa ekki framið fram að loknu eftirfylgni eftirliti gerir Matvælastofnun þær kröfur að eftirlitsþegi lagfæri öll frávik og alvarlegt frávik innan 14 daga frá dagsetningu eftirlitsskýrslu þessarar. Verði ekki orðið við úrbótum mun stofnunin taka til skoðunar hvort leggja þurfi dagsektir á eftirlitsþega til þess að knýja fram úrbætur.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnsýslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnsýslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjalddöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Arnarlax - Gileyri
Strandgötu 1
465 Bíldudalur
Staða: Í gildi
Kennitala: 5803100600

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2

Tengiliðir

Johnny Indergaard	8340611	johnny@arnarlax.is	Freshwater Manager
Silja Baldvinsdóttir	6167815	silja@arnarlax.is	Gæðastjóri
Albert Amer Cid		albertamer@alax.is	Stöðvarstjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

Sett inn: 25.10.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:

Matvælastofnun óskaði eftir að fá sent yfirlit yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli. Stofnunni bárust ekki yfirlit af frárennsli úr gólfi, tromlusíu og frárennsli utandyra.

Eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun yfirlitsmynd yfir fiskeldisstöðina, eldiseiningar, stærð eldiseininga, frárennsli og varnir gegn stroki í frárennsli. Matvælastofnun hefur yfirfarið teikningarnar og telur þær fullnægjandi frávikið er því ekki lengur til staðar.

Í lagi

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 25.10.2024

Í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024 var skráð frávik sem lagfært var á staðnum:

Þegar gengið var um stöðina vantaði rist í niðurfall í frumfóðrunarbyggingu því var ekki um að ræða tvöfalda vörn þar sem tromlusía var ekki í notkun á þessum tíma.

Sama dag og eftirlit fór fram sendi eftirlitsþegi mynd sem sýnir að rist er komin yfir niðurfallið. Matvælastofnun bendir á mikilvægi þess að ristar séu ávalt hafðar yfir niðurföllum.

Í lagi

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 20.03.2025

Ítrekuð er ábending Matvælastofnunar sem kom fram í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024 um að uppfæra þarf netfang stofnunarinnar varðandi strok í fiskeldi@mast.is

Þá bendir Matvælastofnun á að Tálknafjarðarhreppur er ekki lengur til þannig að allar tilkynningar skv. lið 6 eiga að fara á sveitarfélagið Vesturbyggð.

Í lagi

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 25.10.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:

Við skoðun á netum komu í ljós að til staðar voru net með tvennskonaar möskvastærðum, báðar möskvastærðir voru of stórar miðað við minnsta fisk sem var í stöðinni við eftirlit.

Matvælastofnun bendir á að gott væri að viðhafa reglulega verklega þjálfun í viðbrögðum við stroki og notkun á netum.

Eftirlitsmaður Matvælastofnunar fór í eldisstöðina þann 12. mars 2025 og staðfesti að net væru til staðar sem hæfa stærð allra fiska í stöðinni. Frávikið hefur því verið lagfært.

Í lagi

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Alvarlegt frávik

Sett inn: 25.10.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:

Eftirlitsmenn óskuðu eftir að fá að sjá viðbragðsáætlanir um tímabundna og varanlega rekstrarstöðvun og massadauða. Viðstaddir gátu ekki sýnt umbeðnar viðbragðsáætlanir og var því óskað eftir að fá þær sendar í tölvupósti. Matvælastofnun yfirfór viðbragðsáætlanir á skrifstofu.

Viðbragðsáætlun vegna varanlegrar og tímabundinnar rekstrarstöðvunar er ekki nægjanlega ýtarleg.

Viðbragðsáætlun vegna massadauða uppfyllir ekki skilyrði sem gerð eru til viðbragðsáætlana, þ.e. markmið, ábyrgð, tíðni, viðmiðunarmörk og aðgerðir til úrbóta. Í viðbragðsáætlun vegna massadauða er vísað í verklag vegna neyðarslátrunar, þar kemur fram að ef farga þurfi fiski sé það gert í samráði við dýralækni og yfirdýralækni MAST. Aflífa skuli fisk hratt og örugglega með innblöndun CO2 í lokaðri lest brunnbáts. Matvælastofnun bendir á að samráð skal vera við sérgreinadýralækna fiskeldis þegar upp koma slík tilfelli. Jafnframt bendir stofnunin á að óheimilt er að nota innblöndun CO2 við aflífun á fiski með þeim hætti sem lýst er í verklagi.

Matvælastofnun kallaði eftir gögnum við eftirfylgni eftirlit, m.a. viðbragðsáætlun vegna varanlegrar og tímabundinnar rekstrarstöðvunar í eldisstöðinni Gileyri. Stofnunin barst verklagsregla ætluð Gileyri en ljóst er að frávik það sem skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024 hefur ekki verið lagað.

Sú viðbragðsáætlunin sem eftirlitsþegi sendi á einungis við um varanlega rekstrarstöðvun og inniheldur ekkert um tímabundna rekstrarstöðvun og er ekki nægjanlega ýtarleg. Þá er vísað til þess að áætlun um förgun á fiski skuli gerð í samráði við yfirdýralækni Matvælastofnunar. Eftirlitsaðila ber að hafa slíka viðbragðsáætlun til óháð rekstrarstöðvun og grípa til þeirrar viðbragðsáætlunar komi til virkjunar viðbragðsáætlunar um tímabundna- og varanlega rekstrarstöðvun.

Í úrbótaáætlun eftirlitsþega sem send var Matvælastofnun í kjölfar eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024 varðandi viðbragðsáætlun um massadauða kom m.a. fram að „búið sé að yfirfara viðbragðsáætlunina og bæta við þáttum sem Matvælastofnun óskar eftir að séu til staðar í viðbragðsáætlunum. Bætt var við að fiskur sé deyfður með svæfingarlyfi fyrir aflífun. Telur Arnarlax að það sé nægjanlegt þar sem þetta var verklag sem viðhaft var við aflífun kvíar hjá Arnarlax árið 2024 af gefnu samþykki Matvælastofnunar. Þá var bætt við að haft skal samráð við sérgreinadýralækna fiskeldis hjá Matvælastofnun í tilfellum sem þessum.“

Við eftirfylgni eftirlit sendi Matvælastofnun þann. 21. mars 2025 tölvupóst til eftirlitsþega og óskaði m.a. eftir uppfærðri viðbragðsáætlun vegna massadauða og jafnframt upplýst um að óskað hafi verið eftir álit sérgreinadýralækna fisksjúkdóma vegna notkunar á CO2 við aflífun þar sem fram hefði komið að eftirlitsþegi verði að vera með aðra viðurkennda aðferð til að aflífa fiskana á mannúðlegan hátt, t.d. rafmagn eða svefnlyf, í stað þess að eina aðferð til neyðaraflífunar sé notkun CO2. Rannsóknir hafa sýnt fram á að notkun CO2 valdi fiskunum óþarfa vanlíðan og aflífun með aquí-S (í margföldum styrk) og CO2 er ekki viðurkennd aðferð, sbr. 12. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum. Fyrri notkun var veitt sem undanþága í ljósi neyðarástands og háð ákveðnum og ströngum skilyrðum og ætti aldrei að vera fyrsta val við aflífun. Veittur var frestur til þess að senda uppfærða viðbragðsáætlun um massadauða til Matvælastofnunar fram til 31. mars 2025. Engin gögn bárust. Frávikið stendur því enn þar sem viðbragðsáætlun um massadauða er ófullnægjandi.

Með vísan til alls framangreinds telur Matvælastofnun að fullnægjandi úrbætur á alvarlegu fráviki hafi ekki verið gerðar og því stendur skráning alvarlegs frávíks áfram.

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 25.10.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:

Nýliðþjálfun: Ekki var sýnt fram á að nýliðar fái eftirfarandi þjálfun við upphaf starfs:

- Kynning á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis
- Varnir gegn stroki
- Viðbrögð við stroki

Tilgreina þarf innan hvaða tímamarka þjálfun skal lokið.
Matvælastofnun barst ekki fullnægjandi þjálfunarskrá starfsmanna.

Við eftirfylgni eftirlit kallaði Matvælastofnun eftir verklagi/skrá varðandi áætlun um þjálfun starfsfólks, m.a. nýliða. Búið er að uppfæra verklagið varðandi nýliðaþjálfun en enn er ekki kveðið á um að nýliðar þurfi að fá þjálfun í viðbrögðum við stroki.

Matvælastofnun kallaði jafnframt eftir þjálfunarskrá allra starfsmanna eldisstöðvarinnar við eftirfylgni eftirlitið. Samkvæmt henni er ljóst að starfsmenn stöðvarinnar, þ.m.t. stöðvarstjóri, hafa ekki lokið nauðsynlegri þjálfun sem kveðið er á um í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Með vísan til framangreinds stendur frávikið áfram í eftirlitsskýrslu þessari.

5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 25.10.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:

Eftirlitsmenn óskuðu eftir að fá að sjá verklagsreglur um losun á dauðfisk úr kerjum, hreinsun á kerjum, flokkun seiða í stöð, flutning á fiski-í og úr stöð og bólusetningu þegar eftirlit átti sér stað. Viðstaddir gátu ekki sýnt umbeðnar verklagsreglur og var því óskað eftir að fá þær sendar í tölvupósti. Matvælastofnun yfirfór verklagsreglur á skrifstofu.

Matvælastofnun bendir á að verklagsregla sem send var fyrir hreinsum á kerjum er verklagsregla fyrir Fjallalax.

Verklagsregla vegna flokkunar og flutnings á fisk eru ófullnægjandi, ekki kemur fram ef viðbrögðin skulu vera ef frávik koma upp s.s. barki rofnar eða stíflast.

Verklagsregla vegna bólusetningar barst ekki þar sem rekstrarleyfishafi vísaði til þess að bólusetningu seiða væri úthýst og utanaðkomandi teymi sæi um þá vinnu. Matvælastofnun bendir á verklag þarf ávalt að vera til staðar og rekstrarleyfishafi þarf að viðhafa gæðaeftirlit á þessum þætti.

Við eftirfylgni eftirlit óskaði Matvælastofnun eftir því við eftirlitsþega að fá sendar þær verklagsreglur sem gerðar höfðu verið athugasemdir við í eftirlitinu þann 18. nóvember 2024. Göngin bárust með tölvupósti og fóru eftirlitsmenn yfir þær.

Verklagsregla um hreinsun á kerjum hefur verið uppfærð m.t.t. athugasemda.

Verklagsregla um bólusetningar barst og gögn sem sýna fram á að eftirlitsþegi viðhefur gæðaeftirlit með bólusetningum.

Verklagsregla vegna flokkunar og flutnings á fisk hefur ekki verið lagfærð. Ekki kemur fram ef viðbrögðin skulu vera ef frávik koma upp s.s. barki rofnar eða stíflast. Þá er óljóst hvort eftirlitsþegi telur þörf á að svelta seiðin í einn eða þrjá daga fyrir flokkun. Í skýrslunni segir: "All fish must be starved at least 3 days before grading, minum 1 day."

Með vísan til framangreinds stendur frávikið áfram í eftirlitsskýrslu þessari.

5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 25.10.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:

Rekstrarleyfishafi sýndi ekki fram á að verklag væri til staðar fyrir innra eftirlit. Vísaði rekstrarleyfishaf til innri úttektar- sannprófunar því til staðfestingar. Matvælastofnun telur það ekki fullnægjandi, rekstrarleyfishafi þarf að hafa til staðar verklag hvað varðar innra eftirlit.

Við eftirfylgni eftirlit óskað Matvælastofnun eftir uppfærðu verklagsreglu um innra eftirlit frá eftirlitsþega. Þegar gögnin bárust var um að ræða verklag um sannprófun. Ítrekaði

Matvælastofnun beiðni um verklagsreglu um innra eftirlit og sendi meðal annars leiðbeiningar um mun á milli þessarar tveggja verklagsreglan í tölvupósti þann 21. mars 2025. Veittur var frestur til 31. mars til þess að senda verklagsreglu um innra eftirlit. Þann 30. mars barst Matvælastofnun verklag um innri sannprófum, ekki verklag um innra eftirlit eins og ítrekað hafði verið óskað eftir.

Með vísan til framangreinds hefur verklagsregla um innra eftirlit ekki borist og rekstrarleyfishafi því ekki sýnt fram á að að til staðar sé verklag fyrir innra eftirlit og því stendur skráning frávíks áfram.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 25.10.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:
Matvælastofnun barst síðasta sannprófun rekstrarleyfishafa, í henni er ekki að finna tímasetta úrbótaáætlun fyrir þau atriði sem þörfuðust frekari úrbóta.
Samkvæmt sannprófuninni er ljóst að rekstrarleyfishafi fer ekki eftir eigin verklagi, meðal annars hvað varðar fjölda neta.

Við eftirfylgni eftirlit óskaði Matvælastofnun eftir úrbótaáætlun vegna síðustu sannprófunar. Eftirlitsþegi sendi þá nýjustu sannprófun sem framkvæmd var í desember 2024 en tímasett úrbótaáætlun barst nokkrum dögum síðar. Matvælastofnun telur að úrbótaáætlunin sé ekki nægjanlega tímasett en einungis er vísað til að lokun á nokkrum frávikum sé "expected 2026", "spring 2025" og "april 2025). Þá eru einhver atriði í úrbótaáætluninni ekki tímasett.

Matvælastofnun bendir á að í úrbótaáætluninni er vísað til frávíks varðandi net. Þar stendur að ný net séu nú komin í stöðina og hafi það verið staðfest af eftirlitsmanni Matvælastofnunar. Stofnunin bendir á að eftirlitsmaður staðfesti að netin væru komin þann 12. mars sl., tæpum þremur mánuðum eftir sannprófun og því ljóst að mati stofnunarinnar að tímasett úrbótaáætlun hafi ekki legið fyrir þegar eftirfylgni eftirlitið hófst eða a.m.k. breytt. Matvælastofnun ítekur nauðsyn þess að tímasett úrbótaáætlun verði gerð strax í kjölfar sannprófunar og henni sé ekki breytti.

Í ljósi alls framangreinds metur Matvælastofnun tímasettu úrbótaáætlun ófullnægjandi og því stendur frávikið áfram í eftirlitsskýrslu þessari.

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Í lagi

Sett inn: 05.03.2024

Frávik skráð var í eftirlitsskýrslu dags. 18. nóvember 2024:
Matvælastofnun óskaði eftir staðfestingu á að árlegur fundur hafi farið fram með öllum starfsmönnum stöðvarinnar þar sem farið er yfir gæðahandbók þar sem breytingar eru kynntar auk nýrra áherslna sem gerðar hafa verið. Matvælastofnun barst pdf skjal með glærum, dagsetning fundarins kom ekki fram ásamt því að staðfestingu starfsmanna fyrir þátttöku fundar vantar.

Eftirlitsþegi sendi Matvælastofnun gögn sem sýna fram á að árlegur fundur hafi verið haldinn 6. maí 2024 og að þátttaka starfsmanna er nú skráð í þjálfunarskrá þeirra. Frávikið hefur því verið lagfært.

Eftirfarandi skoðunaratríði voru skoðuð og reyndust í lagi

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi	4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni	4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk	5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva	

Jónína Guðmundsdóttir
jonina.gudmundsdottir@mast.is
Séfræðingur í fiskeldi
5304800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.